

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006,
með síðari breytingum (strandveiðar).

Flm.: Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson,
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé,
Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Í stað þess að fara að ákvæðum 2. mgr. 6. gr. a skal ráðherra á árinu 2017 takmarka heildarmagn strandveiða við 12 veiðidaga innan hvers mánaðar og svæðis. Að öðru leyti gilda ákvæði 6. gr. a um fyrirkomulag veiðanna á árinu 2017.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Strandveiðar hafa verið stundaðar frá því í júní 2009. Veiðarnar hafa gengið vel og reynst heilladrjúg nýbreytni innan stjórnkerfis fiskveiða. Frá árinu 2010 hafa að meðaltali 682 bátar stundað strandveiðar ár hvert. Hér er lagt til að strandveiðidögum verði fjölgað og enn fremur að reglur um þá verði rýmkaðar.

Afli strandveiðibáta er í flestum tilfellum seldur á fiskmarkaði. Á síðari árum hefur afli og aflameðferð verið til mikillar fyrirmyndar sem marka má af því að afli strandveiðibátanna hefur komið í veg fyrir skort á ferskum fiski til útflutnings á þeim tíma sem þær eru stundaðar og minna er um úthald stærri skipa og báta vegna sumarleyfa. Fiskur strandveiðibáta hefur reynst góður og hefur því reynst verðmæt útflutningsvara. Þá hafa strandveiðarnar falið í sér möguleika til fiskveiða í atvinnuskyni án þess að greiða þurfi aflahlutdeildarhöfum gjald fyrir veiðiheimildir. Þannig hafa strandveiðarnar verið mikilvægur þáttur í því að koma til móts við sjónarmið þeirra sem telja að þörf sé breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu í þá veru að tryggja almenningi ríkari hlutdeild í veiðum.

Breytingin sem hér er lögð til felur einnig í sér aðgerð til að auka öryggi sjómanna á strandveiðibátum. Sá ágalli hefur verið á gildandi fyrirkomulagi að veiðarnar hafa verið það sem kallað er „ólympískar“ sem birtist í því að sjómenn hafa keppst um að ná þeim afla sem heimilað er á sem skemmstum tíma og áður en aflaheimildin yrði upp urin. Þetta hefur leitt til þess að stundum hafa menn róið á minni bátum þótt ekki viðraði til þess og fylgir því að sjálfsögðu aukin slyshætta. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til ætti að vera dregið mjög úr hvata til „ólympískrar“ sóknar og þar með slyshættu.

Gjald vegna strandveiða er herra en aðrir útgerðarflokkar greiða. Veiðarnar eru skilgreindar sem sérveiðar og greiðir hver aðili því árlega fyrir veiðileyfi. Samhliða því gjaldi eru greiddar 50 þús. kr. sem úthlutað er til hafna landsins í réttu hlutfalli við landaðan afla.


Í þriðja lagi er greitt veiðigjald eins og gert er í útgerðarflokkum. Miðað við 12,9 tonna þorskafla sem var meðalafli hvers báts á síðasta ári eru þessi gjöld 63% hærri en hjá bátum með aflamark. Dæmið lítur þannig út:

12,9 tonn þorskur	Veiðileyfi	Veiðigjald	Sérstakt gjald	Samtals	Gjald/kg
Strandveiðar	22.000 kr.	114.449 kr.	50.000 kr.	186.449 kr.	14,45 kr.
Aflamark	Eingreiðsla	114.449 kr.	0 kr.	114.449 kr.	8,87 kr.

Auk fyrrnefndra gjalda bætast við fjölmörg önnur sem eru, eins og veiðigjald, sambærileg við þau sem greidd eru vegna veiða annarra báta. Má þar nefna: aflagjald, sölugjald fyrir afla, ísgjald, karaleigu, sorpgjald, löndunarkranagjald, umsýslugjald fiskmarkaða, skoðunargjöld: báta, björgunarbáta og lyfjakistu svo dæmi séu tekin.

Frá árinu 2011 hefur þorskafla í strandveiðum ekki fylgt aukningu heildarafla. Alls 7.968 tonn vantar þar upp á.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	
Þorskafla strandv.	7.095 t	7.420 t	7.368 t	7.749 t	7.643 t	8.555 t	
Heildarþorskafla	169.600	193.900	221.800	221.300	229.900	250.400	
Hlutdeild	4,18%	3,83%	3,32%	3,50%	3,32%	3,43%	mismunur
Árlegur mismunur frá 2011		685 t	1.903 t	1.501 t	1.967 t	1.912 t	7.968 t



Markmið frumvarpsins er að bæta umhverfi strandveiða. Að hverfa frá innbyggðum þætti þess sem skapar aukna áhættu til veiða. Horfið verði frá því að loka svæðum í hverjum mánuði þegar ætluðu veiðimagni er náð. Uppsafnaðri spennu eins og myndast í hverjum mánuði verði eytt. Minnt er á að í ágúst síðastliðnum var aðeins heimilt að stunda veiðar í örfáa daga á hverju veiðisvæði – A, B, C, D.

Veiðidagar í ágúst 2016:

A: 5 dagar – 2., 3., 4., 8. og 9. ágúst

B: 4 dagar – 2., 3., 4. og 8. ágúst

C: 5 dagar – 2., 3., 4., 8. og 9. ágúst

D: 7 dagar – 2., 3., 4., 8., 9., 10. og 11. ágúst

Í stað þessa fyrirkomulags verði heimilt að stunda veiðar í 12 daga í hverjum mánuði. Áfram verði óheimilt að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga til róðra ásamt tilteknum „rauðum“ dögum eins og nú gildir um strandveiðar. Val um daga eru einu breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á fyrirkomulagi strandveiða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að breytingin sem lögð er til gildi aðeins fyrir strandveiðitímabilið sem hefst 2. maí næstkomandi. Ekki þykir rétt að hafa 12 daga val ótímabundið þar sem óvissa er um hversu mikið strandveiðibátar veiða með þessu breytta fyrirkomulagi.

Með tilvísun í framangreint er breytingin sanngjörn, bæði hvað það varðar að strandveiðar hafa setið eftir í aflaaukningu frá árinu 2011 og tilkostnaði við veiðarnar. Þá er breytingunni einnig ætlað að gera veiðarnar meira eftirsóknaverðar og auka áhuga yngri kynslóðarinnar, karla og kvenna á að stunda sjómennsku með að hefja útgerð.

Breytingin er sérstaklega valin nú með tilliti til að óveruleg hætta er á að nýtingarstefna í þorski, sem stjórnvöld hafa sett og framfylgt er með aflareglu, gangi ekki eftir þar sem verkfall sjómanna hefur leitt af sér að minna verður veitt af þorski á árinu en gert var ráð fyrir. Aflatölur yfir þorsk frá Fiskistofu sýna að um 30 þús. tonn vantar upp á að hann sé sá sami og í fyrra. Auk þessa er rétt að minna á að 5.000 tonna aukning varð á leyfilegum heildarafla í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári miðað við það sem heimilt var að veiða á fiskveiðiárinu 2015/2016.

1. september – 20. mars	
2015/2016	2016/2017
156.722 tonn	128.057 tonn

